

16. desember 2019

Alcoa Fjaraál sf.  
Hrauni 1  
730 Reyðarfjörður

### **Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir geymsluskemmu á Seljateigi á Reyðarfirði.**

Umsókn um tímabundið starfsleyfi fyrir geymslu kerbrota í skemmu við Seljateig í Reyðarfirði barst þann 29.10.2019. Umsækjandi er Alcoa Fjarðaál sf., kt. 520303-4210.

Um er að ræða endurnýjun á áðurútgefnu starfsleyfi með gildistímann 1.1.2020 - 31.12.2020.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 13. nóvember sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 12. desember 2019.

Starfsleyfisdrög vegna geymslu kerbrota frá verksmiðju Fjarðaáls í skemmu í landi Seljateigs voru tekin til umfjöllunar á 247. fundi eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar Fjarðabyggðar þann 18. september sl. Fram kom að ekki væru gerðar athugasemdir við drög að starfsleyfi.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfið er hér með gefið út.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi